

Nefnda- og greingarsvið Alþingis  
B/t Fjárlaganefndar Alþingis.

Reykjavík 13. maí 2024

**Varðar: Umsögn Landspítala við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 120/2016, Mál nr. 919 á þingskjali 1364.**

Með erindi dags. 29. apríl 2024 óskaði Fjárlaganefnd Alþingis eftir athugasemdum Landspítala við fyrirbyggjandi frumvarp til breytinga á lögum 120/2016 um opinber innkaup, mál nr. 919 á þingskjali 1364.

Að mati Landspítala eru þær breytingar, sem í frumvarpinu er getið til bóta á núverandi löggjöf og hvetur til þess að frumvarpið í heild verði samþykkt. Landspítali vill engu að síður vekja athygli á tveimur atriðum í umræddu frumvarpi.

Í fyrsta lagi, þá er í 2. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að 2. mgr. 4. laga 120/2016 verði breytt á þá leið að í staðinn fyrir að vera með jákvæða lýsingu á hvaða verk falli undir hugtakið „verksamningar“ verði vísað til upptalningar í Viðauka II við tilskipun EB nr. 24/2014. Þó vissulega sé þetta til aukins skýrleika á hvað fellur undir umrætt hugtak, er nauðsynlegt aðgengi að umræddum viðauka sé tryggt samhliða breytingunni, ýmist með því að lögtaka viðaukann sérstaklega, láta hann fylgja með sem fylgiskjal eða viðauki við lögina eða heimild til handa ráðherra að setja hann í reglugerð.

Í öðru lagi vill Landspítali ítreka athugasemdir sínar við 2. mgr. 20. gr. sem settar voru fram við setningu laga nr. 120/2016.

Í umræddu ákvæði er að finna séríslenska reglu, sem ekki á sér stoð í tilskipuninni, en eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins er að draga úr slíkum reglum, eins og segir í inngangi greinargerðar með hinu framlagða frumvarpi: „Eftir að frumvarpið varð að lögum haustið 2016 hefur komið í ljós að breyta þarf tilteknum ákvæðum til samræmis við tilskipunina þannig að tryggt sé að túlkun þeirra ákvæða sem koma fram í lögnum sé í samræmi við EES-rétt. Með breytingum á lögnum verður jafnframt dregið úr séríslenskum reglum sem koma fram í lögnum sem ganga lengra en samsvarandi ákvæði tilskipunarinnar og önnur gerð skýrari í framkvæmd.“

Eins og fram kemur í ákvæði 1. mgr. 2. liðar 39. gr. tilskipunarinnar, er sérstaklega ítrekað, að aðildarríki megi ekki hindra samningsyfirvöld í því að nýta sér þjónustu miðlægra innkaupastofnana sem staðsettar eru í öðru aðildarríki umfram það sem fram kemur í 2. mgr. sama liðar. Að mati Landspítala felur núverandi ákvæði 2. mgr. 20. gr. laganna í sér hömlur, sem hafa í sér fölgnað í gildi tæknilegra viðskiptahindrana, þar sem íslenskum samningsyfirvöldum, sem vilja nýta sér samvinnu við aðrar innkaupastofnanir innan EES, er einum gert að ganga frá sérstöku samkeppnismati, sem leggja skal fyrir samkeppnisefirlitið. Hér er um íþyngjandi ákvæði að ræða sem Landspítali telur vera í gildi tæknilegrar viðskiptahindrunar. Ákvæðið er bæði í andstöðu við áður nefnda 1. mgr. 2. liðar 39. gr. tilskipunarinnar auk þess sem draga má í efa að það samræmist ákvæðum 1. kafla II. hluta samningsins um hið evrópska efnahagssvæði, sem lögtekin var með lögum 2/1994.

Leggur Landspítali því til að ákvæði 2. mgr. 20. gr. laga 120/2016 verði alfarið fellt úr gildi.

Virðingarfyllst,



Runólfur Pálsson,  
forstjóri